

## FUNDARGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

**134. fundur** Landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 1. október 2015 kl. 11:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

### Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, Þóra Kristín Loftsdóttir, Sigtryggur Sigurvaldason, Matthildur Hjálmarsdóttir. Þórarinn Óli Rafnsson.

Sigríður Ólafsdóttir boðaði forföll, Þóra Kristín Loftsdóttir, varamaður kemur í hennar stað.

### Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

### Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Formaður setti fund.

### Dagskrá:

1. 1509021 Fuglaveiði á afréttum í Húnaþingi vestra
2. Yfirlit yfir refaveiða, grenjavinnslu og vetrarveiði
3. Yfirlit yfir stöðu á viðhaldi heiðagirðinga
4. 1504105 Svar MAST við fyrirspurn um förgun dýrahæja
5. 1504008 Styrkvegir 2015, bréf Vegagerðarinnar
6. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. **1509021 Fuglaveiði á afréttum í Húnaþingi vestra.** Landbúnaðarráð samþykkir að kanna rétt sveitarfélagsins til að stjórna gæsaveiðum í löndum ( jörðum og afrétti) í eigu sveitarfélagsins. Lagt fram tölvubréf frá Kára Jónassyni, þar sem hann leggur til að sama fyrirkomulag og verð verði haft um fyrirkomulag rjúpnaveiði árið 2015 og var á árinu 2014. Landbúnaðarráð leggur til að sama fyrirkomulag verði haft á rjúpnaveiðum og var á síðasta ári.
2. **Lagt fram til kynningar yfirlit yfir refaveiðar, grenjavinnslu og vetrarveiði** Lagðar fram upplýsingar um refa- og minkaveiði frá 1. september 2014 til 31. ágúst 2015. Kostnaður Húnaþings vestra vegna refa- og minkaveiði á þessu tímabili er alls kr. 6.382.165 Unnin grendýr eru 78 , yrðlingar 167 , hlaupadýr 98 og minkar 60.. Landbúnaðarráð óskar eftir að fá kr. 1.000.000 í fjárveitingu á árinu 2016 til vetrarveiði á ref.
3. **Farið yfir stöðu á viðhaldi heiðagirðinga á árinu 2015**
4. **1504105 Lagt fram til kynningar svar MAST dags. 19. ágúst sl. við fyrirspurn sveitarstjóra um úrræði við förgun dýrahæja.**
5. **1504008 Lagt fram bréf Vegagerðarinnar** dags. 1. september sl. þar sem óskað er sem fyrst eftir greinargerð og uppgjöri vegna styrkvega árið 2015. Jafnframt lagt fram yfirlit yfir áfallinn kostnað við styrkvegi á árinu 2015. Landbúnaðarráð vill minna formenn fjallskilastjórna á að skila inn reikningum vegna styrkvega sem allra fyrst.

**6. Önnur mál.**

Rætt um nauðsyn þess að Vegagerðin láti gera undirgöng undir Þjóðveg 1, þar sem umferð hefur aukist gríðarlega og erfitt er fyrir bændur og mikil slyshætta getur skapast þegar reka þarf búfé yfir Þjóðveginn.

Næsti fundur landbúnaðarráðs verður miðvikudaginn 4. nóvember kl 13:00

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:08

---

Jóhann Ragnarsson

---

Sigtryggur Sigurvaldason

---

Þóra Kristín Loftsdóttir

---

Þórarinn Óli Rafnsson

---

Matthildur Hjálmarsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir